

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 188/1980. **Erlingur Magnússon**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

fjármálaráðherra og rikissaksóknara

f. h. rikissjóðs

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Handtaka. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1980. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 5.733.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1980, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Með skírskotun til forsendna hans þykir mega staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda allan kostnað af af frýjun sakarinnar, þar með talin laun talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 7.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, 7.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Ármanns Snævarr hæstaréttardómara.

Samkvæmt gögnum máls var áfrýjandi handtekinn og færður til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 28. nóvember 1978, kl. 1650. Í upphafi lögregluskýrslu út af þessari yfirheyrslu er bókað svo: „Mætta er kynnt réttarstaða vitna skv. ísl. réttarfarslögum og jafnframt réttarstaða sakborninga“. Að lokinni yfirheyrslu í tveimur lotum var áfrýjandi settur í fangaklefa í Síðumúlafangelsi kl. 1836, „meðan frekari yfirheyrslur fara fram í þessu máli“, svo sem bókað er í lögregluskýrslunni. Var áfrýjandi vistaður þar til kl. 2200. Hafði hann þá áður verið yfirheyrður lítillga, og hófst sú yfirheyrsla kl. 2143.

Í rannsókn máls þess, sem varð tilefni til greindra aðgerða gegn áfrýjanda, hefur ekkert það komið fram, er bendi til þess, að hann sé á nokkurn hátt við það riðinn. Engin skýring er komin fram á því, hvers vegna áfrýjandi var vistaður í fangaklefa, meðan beðið var eftir því, hver framvinda yrði á yfirheyrslum yfir bræðrum hans tveimur, öðrum stöddum þá á Ísafirði, svo og öðrum vitnum. Þegar þetta er virt, þykir áfrýjandi eiga rétt á nokkrum bótum af þessum sökum sakvæmt 151. gr., sbr. 154. gr. laga nr. 74/1974, og þykja þær hæfilega ákveðnar 2.500.00 krónur ásamt vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 11.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Erlingi Magnússyni, 2.500.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Stefndi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, samtals 11.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., höfðaði Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Erlings Magnússonar, Blöndubakka 13, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 13. des. 1979, gegn Sighvati Björgvinsyni fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 573.300 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. s. á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. s. á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags eða hæstu innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru á hverjum tíma, þar til greitt verður, málskostnaði skv. gjaldskrá LMFÍ, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Enn fremur er málið höfðað gegn Þórði Björnssyni rikissaksóknara f. h. rikisvaldsins til þess að gæta réttar þess í málinu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. júní 1979 er krafist 34.5% ársvaxta til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögu, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Við dómstöku málsins var því lýst yfir af lögmanni stefndu, að eins og greinargerð stefndu bæri með sér, væri krafist sýknu af hálfu beggja stefndu, enda hafi rikissaksóknari farið með fyrirvar í málinu. Jafnframt var því

lýst yfir, að rannsókn máls þess, sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, væri lokið.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. okt. 1978 hófst hjá rannsóknar-lögreglu ríkisins rannsókn vegna kæru dauðdumbrar konu, S, sem kærði nauðgun, er hún taldi, að hefði átt sér stað að loknum dansleik í Glæsibæ nóttina næstu á undan. Í rannsóknargögnum á dskj. 8 kemur fram, að konan mundi litið, hvað skeð hafði um nóttina, og taldi hún jafnvel, að sér hefði verið nauðgað tvívegis þessa nótt, fyrst af tveimur mönnum og síðar einum.

Við læknisskoðun í slysaæild Borgarspítalans 29. okt. 1978 komu í ljós töluverðir áverkar á S, m. a. mar á andliti, brjóstkaða, ganglimum, rasskinn og handleggjum.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum hefur rannsókn málsins verið mjög umfangsmikil. Hinn 3. nóvember 1978 viðurkenndi 28 ára gamall maður, K, að hafa aðfaranótt 29. okt. 1978 tekið mikið drukkna mállausa konu upp í bifreið sína og haft þar við hana samfarir án þess þó að beita hana líkamlegu ofbeldi, en notað sér ölvunarástand konunnar. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. mars 1980, var K sýknaður af því að hafa valdið S áverkum, en dæmdur vegna brots á 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og áður greinir, voru töluverðir áverkar á konunni S, er hún bar fram kæru sína hjá lögreglu, og taldi hún sig hafa orðið fyrir barsmiðum umdir beru lofti. Maðurinn K neitaði því alla tíð að hafa beitt konuna S ofbeldi. Var rannsókn málsins því haldið áfram eftir iátningu K og fjöldi manns yfirheyrður, þar á meðal fólk, sem verið hafði í veitingahúsinu Glæsibæ aðfaranótt 29. okt. 1978.

Hinn 28. nóvember 1978 var Hákon Magnússon, bróðir stefnanda, handtekinn í Bolungarvík, þar sem hann var við vinnu, og fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Framburður Hákonar, bróður stefnanda, um atferli sitt aðfaranótt 29. okt. 1978 var mjög á reiki, og virtist hann rugla saman ýmsum kvöldum, sem hann hafði dvalið í veitingahúsinu Glæsibæ.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1425 28. nóv. 1978, bar Hákon, bróðir stefnanda, að hann hafi farið með stefnanda í Glæsibæ, þeir hafi síðan farið saman með konunni R um kl. 0200 heim til Hákonar og staldrað þar við skamma stund og síðan farið heim til R og verið þar til um kl. 1000 á sunnudagsmorgun. Þangað hafi konan Á komið um nóttina, Hákon, bróðir stefnanda, kvaðst hafa hitt konuna S inni í veitingahúsinu, en ekkert talað við hana. Hann kvaðst kannast við S og nokkrum sinnum

hafa gefið henni í glas, en ekki í þetta sinn. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 1550.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1650 sama dag, bar stefnandi, að langt væri síðan hann hafi komið í Glæsibæ með bróður sínum Hákon, ef frá sé talið sl. laugardagskvöld, en þá hafi þeir farið þangað saman. Þeir hafi farið saman úr Glæsibæ með konunni R og Barða Helgasyni að Grensásvegi 60 og um nóttina hafi komið þangað konan Á. Stefnandi þorði ekki að fullyrða, hvar hann hafi verið laugardagskvöldið 28. okt. 1978 eða aðfaranótt 29. okt., það gæti verið, að þau hjónin hefðu verið í heimsókn hjá kunnungjum sínum að Torfufelli 50. Stefnandi gat ekki fullyrt, hvenær hann hefði, að síðustu helgi slepptri, síðast hitt Hákon, bróður sinn, í Glæsibæ. Stefnandi kannaðist ekki við að hafa hitt mállausa stúlku í Glæsibæ. Stefnandi kvaðst hafa farið í Glæsibæ fyrir ca mánuði með bróður sínum Ingimundi og verið þar stutta stund og farið þaðan fyrir kl. 2330. Stefnandi minnti, að þetta kvöld hafi hann hitt þá bræður sína, Lúðvík og Hákon, í Glæsibæ. Stefnandi mundi ekki, hvort þetta var á föstudags- eða laugardagskvöldi.

Eftir að í ljós kom ósamræmið í framburðum stefnanda og bróður hans Hákonar, var stefnandi færður í fangelsið að síðumúla 28, meðan frekari yfirheyrslur fóru fram. Samkvæmt dskj. 8, skjali 17, bls. 6, hefur stefnandi verið látinn í fangaklefa kl. 1835.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1915 sama dag, leiðrétti Hákon, bróðir stefnanda, fyrri framburð, sem hann sagði, að ætti við 25. nóv., en 28. okt. hafi hann farið í Glæsibæ með Lúðvík, bróður sínum, og hitt þar S. Lúðvík hafi eitthvað reynt að tala á fingramáli við S. Eftir að Hákon yfirgaf S og Lúðvík, bróður sinn, kvast Hákon hafa hitt stúlkuna H og hafi Hákon verið með henni, það sem eftir var dansleiksins, og þau farið ásamt Lúðvík heim til Hákonar. Lúðvík hafi farið þaðan milli kl. 0400 og 0500. Hákon leyfði H að sofa heima hjá sér, en fór sjálfur til R um kl. 0500. Hákon kvaðst síðast hafa séð S, um það bil er dansleik var að ljúka, og hafi hún þá staðið við innri barinn og verið að tala við einhvern mann. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 2155.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1915 sama dag, bar vitnið R, að sl. laugardagskvöld hafi hún hitt þá bræður, stefnanda og Hákon Magnússon, og Barða Helgason í Glæsibæ, þeir hafi komið heim með henni að dansleiknum loknum. Þangað hafi konan Á einnig komið. Barði hafi farið fyrstur, síðan stefnandi. Þeir Barði og stefnandi hafi aldrei áður komið heim til R. Laugardaginn 28. okt. kvaðst R hafa verið að vinna og ekki farið á dansleik um kvöldið. Hákon, bróðir stefnanda, hafi hringt til hennar milli kl. 0200—0300 um nóttina, og hélt hún, að Hákon hafi þá verið heima hjá sér og Lúðvík, bróðir hans, með honum. Hákon hafi komið til R um

nóttina og gæti það hafa verið um kl. 0500. Hákon hafi farið frá henni á milli kl. 1000 og 1130 á sunnudagsmorgun.

Við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1940 28. nóv. 1978, bar Lúðvík Magnússon, bróðir stefnanda, að hann hafi farið í Glæsibæ með Hákon, bróður sínum, 28. okt. Lúðvík hafi þar hitt S og reynt að tala við hana. Hann mundi ekki eftir því að hafa séð hana meira á dansleiknum og kvaðst hafa farið, rétt áður en dansleiknu lauk, og tekið leigubíl heim til Hákonar, þá hafi Hákon verið kominn heim. Rétt á eftir hafi komið stúlka til þeirra. Lúðvík hafi farið eftir um það vil 3 korter og hafi stúlkan þá verið eftir. Lúðvík hafi hvorki komið við mállausu stúlkuna né farið með henni út af dansleiknum. Yfirheyrslu þessari lauk kl. 2335.

Sama dag, um kl. 2000, var reynt að boða konuna H til yfirheyrslu, en hún fannst ekki.

Klukkan 2143 var stefnandi enn færður til yfirheyrslu og síðan látinn laus kl. 2200.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. maí sl. Fram kom hjá stefnanda, að lögreglumennirnir hafi komið, þar sem stefnandi var við vinna í Húsasmiðjunni og beðið stefnanda að eiga viðtal við Arnar Guðmundsson hjá rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi. Stefnandi hafi spurt að því, hvort hann þyrfti að koma strax, af því að hann væri í vinnu, og hafi þeir sagt honum að kom strax. Stefnandi hafi gert ráðstafanir til að fá mann í staðinn og farið strax á eigin bíl. Þegar þangað var komið, hafi verið þarna tveir menn fyrir, Helgi Danielsson og Arnar Guðmundsson, og hafi stefnandi ekki vitað, af hvaða tilefni hann var kallaður. Það hafi ekki verið fyrr en nokkuð var liðið á yfirheyrsluna, að stefnanda var sagt, af hvaða tilefni hann væri yfirheyrður. Hann hafi verið spurður alls konar spurninga, hvort hann þekkti fólk, sem væri dauðdumbt, og annað slíkt og hafi stefnandi ekki vitað, hvað lögreglan væri að fara. Stefnanda fannst athugasemjulegt hjá lögreglumönnum að segja honum ekki, hvers vegna hann væri þarna. Stefnandi taldi orðbragð rannsóknarlögreglunnar við sig ósæmlegt.

Þegar búið var að yfirheyrast stefnanda, hafi lögreglumaðurinn sagt, að hann hefði ekki annan stað fyrir stefnanda en Síðumúlann, meðan verið væri að rannsaka þetta frekar, og þangað var farið með stefnanda og síðan farið með hann til baka til rannsóknarlögreglunnar og honum sleppt eftir yfirheyrslu þar kl. 10 um kvöldið.

Stefnandi kvaðst vera í fastri vinnu hjá Húsasmiðjunni og fái hann greitt fyrir þá vinnu, sem hann inni af hendi, og þarna hafi annar maður verið kallaður til. Það sé misjafnt, hve stefnandi vinni lengi, en yfirleitt minnst til kl. 6 eða 7, sem hann sé á staðnum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að handtaka hans og frelsissvipting hafi verið algerlega tilefnislaus og móðgandi og eigi stefnandi því rétt á skaðabótum með vísun til XVIII. kafla laga nr. 74/1974.

Því hafi verið haldið fram af rannsóknarlögreglu, að stefnandi væri sterklega grunaður um að hafa nauðgað og misþyrmt mállausri stúlku. Alveg sé ljóst, að stefnandi hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem bóta-krafan byggist á, sbr. 151. gr., 1. tl., laga nr. 74/1974. Ljóst sé og, að lögmæt skilyrði hafi brostið til að svipta stefnanda frelsi sinu með handtöku og fangelsisvist.

Handtaka hafi verið framkvæmd á óþarflega særandi og móðgandi hátt og til þess fallin að sverta stefnanda í augum annarra, enda hafi stefnandi verið staddur á fjölmennum vinnustað, þegar handtakan fór fram. Stefnandi sé kvæntur og margra barna faðir, þannig að sá grunur, sem á hann var lagður, hafi verið til muna þungbærari af þeim sökum, þegar á það er litið, hversu sóðalegur verknaður hafi verið borinn á stefnanda.

Þegar litið sé á þessi atriði og með vísun til 151. gr., 2. tl., laga nr. 74/1974 sé ljóst, að stefnandi eigi rétt á því að fá greiddar bætur.

Bótakröfu stefnanda sé mjög í hóf stillt og sé hún mjög í samræmi við dómvenju í þessum efnum. Sérstaklega þegar litið sé á það, hversu tilefnislaus frelsissviptingin var, þar sem stefnandi hafi verið við loðnulöndun, þegar verknaður sá átti sér stað, sem stefnandi hafi verið eða sé grunaður um að hafa framkvæmt.

Af hálfu stefndu er því eindregið mótmælt, að nokkur bótaskylda hafi stofnast vegna þeirra atvika, sem eru grundvöllur þessarar málssóknar. Eins og málið sé vaxið, verði að meta rannsóknaraðgerðir lögreglu gagnvart stefnanda bæði réttlætanlegar, brýnar og fyllilega lögmætar.

Játning hins ákærða hafi ekki getað verið lokabáttur rannsóknarinnar. Hitt sé sönnu nær, að rannsóknin hafi rétt verið að hefjast og játningin hafi varpað takmörkuðu ljósi á það, sem raunverulega kunni að hafa hent hina mállausu konu aðfaranótt 29. október 1978. Framburðir bæði konunnar sjálftrar og fjölmargra annarra hafi bent mjög eindregið og með vaxandi þunga til þess, að stefnandi og bræður hans hefðu haft umtalsverð samskipti við hana þessa nótt, en um það hafi margt þótt vera á huldu.

Hinn 28. nóvember 1978 hafi verið svo komið, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi talið, að ekki yrði umflúið að hefta frelsi nokkurra manna í þágu rannsóknar málsins. Stefnandi hafi þá verið handtekinn við vinnu sína í Reykjavík og fluttur á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi til yfirheyrslu og síðan í Síðumúlafangelsið í Reykjavík. Forsendur þessara aðgerða hafi verið þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að

stefnandi og/eða bræður hans hefðu átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn konunni S aðfararnótt 29. október 1978.

Stefnandi byggi bótakröfur sínar á XVIII. kafla laga nr. 74/1974, þar sem fjallað sé um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl. Af málavöxtum öllum megi hins vegar vera ljóst, að bótaskilyrði bresti algerlega samkvæmt þessum lögum.

Því verði ekki með gildum rökum haldið fram, að nægilegt tilefni hafi ekki verið til þessara aðgerða, eins og á stóð, sbr. 2. tl. 151. gr. laganna, er stefnandi vísi sérstaklega til og byggi á. Þvert á móti sé sýnt, að óvissuþættir málsins hafi verið svo verulegir þrátt fyrir játningu K, einkum um meintan hlut stefnanda og bræðra hans, að hjá þessum rannsóknaraðgerðum gagnvart þeim hafi ekki verið komist.

Því er mótmælt sem tilhæfulausu, að handtaka stefnanda hafi farið fram á mjög svo særandi og móðgandi hátt. Ekkert sé fram komið um það, að réttara hefði verið að haga henni með einhverjum öðrum hætti, enda hljóti slík aðgerð og eftirmáli hennar ævinlega að vekja nokkra eftirtekt.

Fallist rétturinn ekki á sýknukröfu stefndu, er varakrafa stefndu sú, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega og málskostnaður látinn falla niður. Bótafjárhæðinni er mótmælt sem allt of hárrí og ekki í nokkru samræmi við dómvenju.

IV.

Álit dómsins.

Pegar litið er til framburðar Hákonar Magnússonar, bróður stefnanda, við yfirheyrslu, sem hófst kl. 1425 28. nóv. 1978, verður að telja, að lögreglumönnum hafi verið rétt og skylt að kveðja stefnanda til yfirheyrslu skv. 35. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. tl. 151. gr. sömu laga. Ósamræmið í framburðum þeirra stefnanda og bróður hans, Hákonar, var nægjanlegt tilefni fyrir rannsóknarlögreglumenn til þess að hafa stefnanda í haldi í nokkra klukkutíma, á meðan frekari yfirheyrslur fóru fram, skv. 4. tl. 61. gr. laga nr. 74/1974. Á þeim tíma, sem stefnandi var í haldi, voru, eins og að framan er rakið, bræður hans, Lúðvík og Hákon, yfirheyrðir svo og vitnið R og reynt að ná til vitnisins H, og verður því ekki talið, að stefnanda hafi verið haldið föngnum lengur en nauðsyn krafði. Ekkert er fram komið um, að handtaka stefnanda hafi verið framkvæmd með óþarflega hættulegum, særandi eða móðgandi hætti, sbr. 2. tl. 151. gr. laga nr. 74/1974.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að lagagrundvöllur sé ekki fyrir bótakröfum stefnanda í máli þessu, enda þótt ekkert bendi til þess, að stefnandi sé á nokkurn hátt sekur um ámælisverða hegðun í sambandi við mál það,

sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, og verður því aðalkrafa stefndu um sýknu tekin til greina.

Rétt þykir, að málkostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða málssóknarkostnað stefnanda, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Erlings Magnússonar, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 189/1979. **Hákon M. Magnússon**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra og ríkissaksóknara
f. h. ríkissjóðs og**

gagnsök

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1980.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, að gagnáfrýjandi verði